

Mánudaginn 3. febrúar 1958.

Nr. 170/1957. **Árnason, Pálsson & Co. h/f**  
 gegn  
**Brandi Brynjólfssyni.**

Útivistardómur.

### Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Árnason, Pálsson & Co. h/f, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 200.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 10. febrúar 1958.

Nr. 212/1957. **Ákærvaldið** (Ragnar Ólafsson hrl.)  
 gegn  
**Ingólfi Arnari Jónssyni**  
 (Sigurður Ólason hrl.).

Dómendur:

hæstaréttardómamennirnir Jónatan Hallvarðsson, Árni Tryggvason og Þórður Eyjólfsson og prófessorarnir Ármann Snævarr og Theodór B. Línal.

Bifreiðalagabrot. Tilraun til hlutdeildar í röngum framburði fyrir dómi. Skjalafals.

### Dómur Hæstaréttar.

Með atferli því, sem lýst er í III. kafla héraðsdóms, hefur ákærði brotið gegn 1. málsg. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en refsíákvæði þetta tekur yfir athafnir þær, sem ákært er fyrir samkvæmt ákæruskjali 6. apríl 1957. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta ákvæði hans

um refsingu ákærða, frádrátt gæzluvarðhaldstíma hans og um réttindasviptingu.

Þá ber og að dæma ákærða til að greiða allan kostnað sakarinnar, bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin laun sækjanda í Hæstarétti, kr. 5000.00, og laun verjanda ákærða í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 8000.00.

#### Dómsorð:

Ákærði, Ingólfur Arnar Jónsson, sæti fangelsi eitt ár. Gæzluvarðhaldstími hans, 119 dagar, skal koma til frádráttar refsingu hans.

Ákærði er sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga. Hann er og sviptur ökuleyfi bifreiðastjóra ævilangt.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin málflutningslaun sækjanda í Hæstarétti, Ragnars Ólafssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 5000.00, og málflutningslaun verjanda ákærða í héraði og fyrir Hæstarétti, Sigurðar Ólasonar hæstaréttarlögmanns, samtals kr. 8000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

#### Dómur sakadóms Reykjavíkur 13. september 1957.

Ár 1957, föstudaginn 13. september, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Halldóri Þorbjörnssyni, kveðinn upp dómur í málinu nr. 3433/1957: Ákærvaldið gegn Ingólfi Arnari Jónssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Mál þetta er höfðað með fjórum ákæruskjölum, útgefnum af dómsmálaráðherra á hendur Ingólfi Arnari Jónssyni bifreiðarstjóra, Hæðargarði 6, hér í bæ.

Með ákæruskjali, útgefnu 20. apríl 1956, er mál höfðað gegn ákærða fyrir, að hann hafi verið undir áhrifum áfengis við akstur bifreiðarinnar R 8440 í Norðurárdal aðfaranótt sunnudagsins 1. apríl 1956, að hann hafi ekið hratt og ógætilega, þannig að bifreiðin fór út af veginum og loks, að hann hafi leyft 4

af farþegum sínum, ökuréttindalausum, að stjórna bifreiðinni nokkuð í Húnavatnssýslu umræddan sunnudag, 1. apríl. Telst hann með þessu hafa brotið gegn 1. mgr. 24. gr. sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954, 1. mgr. 22. gr., 1. mgr. 23. gr., 1. mgr. 27. gr. sbr. 38. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941 sbr. 2. gr. laga nr. 6/1951 og 2. gr. og 2. og 3. mgr. 4. gr. sbr. 14. gr. umferðarlaga nr. 24/1941.

Með ákæruskjali, útgefnu 28. september 1956, er mál höfðað gegn ákærða fyrir, að hann hafi reynt að fá vitnin Gunnar Kristinsson, Kristinn Reinholt Alexandersson, Vilhjálm Ásmundsson og Hlöðve Kristinsson til að breyta framburði sínum fyrir sakadómi Reykjavíkur 3. apríl 1956 og í því skyni farið með þá til Gunnars A. Pálssonar hæstaréttarlögmans. Er hann með þessu talinn hafa gerzt sekur um brot gegn 142. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940 sbr. 1. mgr. 22. gr. sbr. 1. mgr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 (tilraun til hlutdeildar í röngum framburði fyrir dómi).

Með ákæruskjali, dagsettu 25. marz s.l., er málið höfðað gegn ákærða fyrir, að hann hafi mánudagskvöldið 29. október 1956 ekið bifreiðinni R 8440 um götur bæjarins, m. a. frá Hæðargarði 6 niður í bæ og svo að Hagamel 18, þaðan nokkru síðar, sennilega um miðnætti, aftur eitthvað um bæinn og síðan að Hagamel 18 aftur og að hann hafi við aksturinn verið haldinn slíkri þreytu og sljóleika sakir undanfarandi neyzlu deyfandi lyfja, að hann hafi ekki getað stjórnað bifreiðinni á tryggilegan hátt svo og, að hann hafi verið undir áhrifum áfengis við aksturinn frá Hagamel 18 og þangað aftur. Með þessu telst ákærði hafa brotið gegn 1. og 3. mgr. 23. gr. sbr. 38. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941 sbr. 2. gr. laga nr. 6/1951, 2. mgr. 4. gr. umferðarlaga nr. 24/1941 og 1. mgr. 24. gr. sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

Loks er mál höfðað gegn ákærða með ákæruskjali, útgefnu 6. f. m., fyrir að hann hafi þriðjudaginn 27. nóvember 1956 í veitingastofu að Lokastíg 28 fengið afgreiðslustúlkuna Hönnu Maríu Ísaks til að skrifa nafn sambýliskonu hans, Guðbjargar Rúnu Guðmundsdóttur, sem seljanda undir tilkynningu til lögreglustjórans í Reykjavík um sölu bifreiðarinnar R 8440, sem Guðbjörg Rúna var skrásettur eigandi að, en Reykjavíkurbær hafði lagt fé til kaupa þessarar bifreiðar vegna Guðbjargar Rúnu svo og hafði Tryggingastofnun ríkisins lánað fé til kaupanna, en sjálfur skrifaði ákærði nafn sitt undir tilkynninguna sem kaup-

andi og lét skrá bifreiðina á sitt nafn. Þá er málið og höfðað gegn ákærða fyrir það, að hann hafi næsta dag selt bifreiðina Gunnbirni Sigurði Gunnarssyni bifreiðarsjóra, Seljavegi 9, fyrir um 70.000 kr. og leynt hann því, hvernig hann hafði fengið bifreiðina skráða á sitt nafn og að hann væri ekki raunverulegur eigandi bifreiðarinnar. Teljast þessi brot ákærða varða við 1. mgr. 155. gr. og 248. gr. almennra hegningarlaga.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar og málskostnaðargreiðslu. Í ákæruskjölum 20. apríl 1956 og 25. marz 1957 er og gerð krafa um, að ákærði verði sviptur ökuleyfi samkvæmt 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og 1. mgr. 39. gr. bifreiðalaga og í ákæruskjölum 28. september 1956 og 6. apríl 1957 er þess krafizt, að ákærði verði sviptur réttindum samkvæmt 3. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði, sem fæddur er 9. apríl 1931, hefur áður sætt þessum kærum og refsingum:

- 1948 18/3 Reykjavík. Sátt, 50 kr. sekt og 200 kr. skaðabætur fyrir ölvun og spellvirki á bifreið.
- 8/10 Reykjavík. Sátt, 300 kr. sekt fyrir ölvun, rúðubrot og brot gegn 231. gr. hegningarlaga.
- 1949 5/10 Reykjavík. Sátt, 75 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 18/11 Reykjavík. Dómur: 3 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í tvö ár, sviptur kosningarétti og kjörgengi fyrir brot á 248. gr. hegningarlaga.
- 1950 6/12 Reykjavík. Sátt, 75 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1953 10/6 Reykjavík. Sátt, 100 kr. sekt fyrir brot á 7. gr. umferðarlaga og 26. gr. bifreiðalaga.
- 1954 7/5 Reykjavík. Áminning fyrir ólöglegt bifreiðastæði.
- 15/5 Reykjavík. Sátt, 50 kr. sekt fyrir brot á 46. gr. lögreglusamþykktar og 26. gr. bifreiðalaga.
- 19/5 Reykjavík. Sátt, 75 kr. sekt fyrir brot á 26. gr. bifreiðalaga.
- 4/11 Reykjavík. Sátt, 150 kr. sekt fyrir ógætilegan akstur.
- 30/11 Reykjavík. Kærður fyrir meint brot á bifreiðalögum og áfengislögum. Fellt niður.
- 1955 9/12 Reykjavík. Sátt, 100 kr. sekt fyrir brot á 28. sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar.
- 1956 27/3 Reykjavík. Dómur: Fangelsi 4 mánuði, skilorðsbundið í 3 ár, sviptur ökuleyfi í 6 mánuði fyrir brot á

244. gr. hegningarlaga, bifreiðalögum og áfengis-  
lögum.

— 27/6 Reykjavík. Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun á almanna-  
færi.

Málavextir eru þessir:

### I.

Að kvöldi laugardagsins 31. marz 1956 lagði ákærði, sem þá hafði atvinnu af því að aka bifreiðinni R 8440 sem leigubifreið, af stað héðan úr bænum áleiðis til Akureyrar. Með honum voru 5 farþegar, Gunnar Kristinsson, Reykjahlíð 12, og Kristinn Rein-  
holt Alexandersson, Mávahlíð 15, báðir 17 ára að aldri, Frank Norðmann Benediktsson, Njörvasundi 40, og Hlöðver Kristins-  
son, Laugarnesvegi 77, báðir 16 ára að aldri, og loks Vilhjálmur Ásmundsson, Holtsgötu 21, 15 ára að aldri. Til Akureyrar munu þeir hafa komið um hádegi 1. apríl. Um kvöldið héldu þeir til Reykjavíkur.

Rannsóknarlögreglan fékk pata af því, að ákærði hefði verið með áhrifum áfengis við aksturinn í þessari ferð. Hóf hún eftir-  
grennslan af því tilefni. Farþegar ákærða héldu því fram í skýrslum sínum fyrir rannsóknarlögreglu, að ákærði hefði ekið bifreiðinni ölvaður og sett hana út af veginum. Hins vegar neit-  
aði ákærði þessu.

Ákærði skýrir svo frá, að hann hafi fengið Gunnari Kristins-  
syni stjórn bifreiðarinnar í hendur, eftir að komið var fyrir Hvalfjörð, enda hafi sig syfjað allmjög. Eftir þetta kveðst hann hafa fengið sér tvo sopa af brennivíni, en áfengi þetta áttu farþegarnir. Í Norðurárdal kveður hann Gunnar hafa fest bif-  
reiðina í hvarfi í veginum. Þeim hafi tekizt að losa bifreiðina og hafi Gunnar ekið áfram, en nokkru síðar ekið út af veginum. Kveðst ákærði hafa ætlað að taka vindlingakveikjarann í mæla-  
borðinu, en í ógáti tekið í handbenzingjöfina og við það hafi hraðinn aukizt og bifreiðin farið út af í beygju, er var fram undan. Þeir hafi svo náð í mannhjálp og tekizt að ná bifreið-  
inni upp á veginn aftur, en Gunnar hafi svo haldið áfram að stýra bifreiðinni alla leið til Akureyrar. Þó kveður ákærði rétt, að hinir piltarnir fjórir hafi einnig fengið að aka bifreiðinni spöl og spöl í Húnavatnssýslu.

Samkvæmt samhljóða framburði hinna fimm farþega ákærða tók Gunnar Kristinsson við stjórn bifreiðarinnar, er komið var fyrir Hvalfjörð, og tók ákærði þá að neyta áfengis. Gerðist hann

ölvaður. Er komið var í Norðurárdal, varð vart við ólag á ræsi bifreiðarinnar og var numið staðar til að laga hann. Segir Gunnar, að ákærði hafi þá tekið við stjórn bifreiðarinnar, þótt ölvaður væri, og sama segja Kristinn Reinholt og Hlöðver. Nokkru síðar festist bifreiðin í hvarfi í veginum, en það tókst að losa hana og ók ákærði henni áfram, að sögn Gunnars, Hlöðvers og Kristins Reinholts. Þeir Frank Norðmann og Vilhjálmur segja, að ákærði hafi tekið við stjórn bifreiðarinnar, eftir að hún festist í hvarfinu. Vilhjálmur tekur fram, að hann hafi sofíð í bifreiðinni, en orðið var við það, eftir að bifreiðin festist, að ákærði tók við stjórninni. Öllum fimm ber saman um það, að ákærði hafi ekið bifreiðinni, er hún fór út af veginum. Hafi hann ólmur viljað aka, þótt þeir lettu hann þess. Eftir að bifreiðinni var náð upp, segja þeir félagar, að Gunnar hafi ekið til Akureyrar, en þó kannast þeir allir við, að þeir hafi fengið að aka bifreiðinni nokkurn spöl. Þeim ber saman um, að ákærði hafi verið ölvaður við aksturinn í Norðurárdal. Ákærði hafi stýrt bifreiðinni frá Akureyri til Reykjavíkur, þá ódrukkinn.

Dómsrannsókn út af atvikum þeim, er nú voru rakin, var háð 5. apríl 1956. Var svo ákæra gefin út 20. s. m., sem áður getur. Hinn 21. júlí beiðist verjandi ákærða, Sigurður Ólason hæstaréttarlögmaður, þess, að háð verði framhaldsrannsókn, með því að ákærði hafi tjáð sér, að vitnin hafi kannast við það fyrir Gunnari A. Pálssyni hæstaréttarlögmanni, að þau hefðu borið rangt fyrir dómnum. Rannsókn þessi var háð 26. september, og í tilefni af henni var ákæran, dagsett 28. september, gefin út.

Við þessa rannsókn bar Gunnar Axel Pálsson hæstaréttarlögmaður, að ákærði hefði þá um vorið komið til sín og með honum þeir Gunnar Kristinsson og Kristinn Reinholt Alexandersson. Hafi ákærði beðið sig að taka skýrslu af piltunum út af máli þessu. Kveðst Gunnar hafa átt tal við þá, en ekkert skrifað eftir þeim. Hinn 21. september hafi ákærði komið til hans á ný og þeir rætt um samtalið við piltana þá um vorið. Kveðst Gunnar Pálsson ekkert vottorð hafa viljað gefa um það, enda verið að mestu búinn að gleyma því. Ákærði hafi hins vegar viljað fá að koma með piltana aftur, og hafi það orðið úr, að um kvöldið hafi ákærði komið með þá Gunnar og Kristinn Reinholt og ennfremur með þá Hlöðve og Vilhjálmi. Kveðst Gunnar Axel hafa rætt við piltana og þeir þá haldið því fram, að þeir hefði skýrt rangt frá fyrir dómnum. Ákærði hefði ekkert ekið, eftir að hann tók að neyta áfengis. Kveðst Gunnar Axel hafa

brýnt fyrir þeim skyldu þeirra til að segja satt, og þeir haldið við staðhæfingu sína. Ekki kveðst Gunnar Axel hafa grafizt fyrir um ástæðuna til þess, að piltarnir höfðu skýrt rangt frá.

Voru nú vitnin fimm kvödd fyrir dóm. Könnuðust áðurnefndir 4 piltar að vísu við það, að þeir hefðu skýrt Gunnari A. Pálsyni svo frá, að fyrri framburður þeirra væri rangur. Hins vegar héldu þeir því allir fram, að svo væri ekki. Þeir hefðu skýrt satt og rétt frá fyrir dóminum.

Þeir Gunnar og Kristinn Reinholt hafa borið það, að þeir hafi um vorið 1956 farið með ákærða heim til Gunnars A. Pálssonar, og kveðst Kristinn þar hafa skýrt honum þar frá því, að fyrri framburður þeirra væri rangur. Gunnar Kristinsson kveðst ekki gerla muna, hvaða orð hafi fallið þar, en hafi Gunnar Axel spurt þá, hvort fyrri framburður þeirra hafi verið rangur, muni hann hafa svarað því játandi. Ástæðuna til þess segja þeir félagar þá, að ákærði hafi beðið þá að gera þetta og þeir fallizt á það. Ekki hafi hann boðið þeim neitt endurgjald fyrir. Hinn 21. september hafi ákærði hitt þá féлага fjóra (Gunnar, Hlöðve, Kristinn og Vilhjálms) í veitingastofu að Leifsgötu 4, er þeir venja í komur sínar. Hafi hann nú þrábeðið þá að koma með sér til Gunnars A. Pálssonar og skýra honum enn frá því, að sá framburður þeirra væri rangur, að ákærði hefði ekið bifreiðinni í umrætt skipti. Segja þeir, að ákærði hafi boðizt til að ljá þeim bifreið sína og aka þeim endurgjaldslaust í næstu 3 mánuði eða þar um bil. Hafi þeir látið til leiðast.

Framburður þeirra Vilhjálms og Hlöðves er í fullu samræmi við framburð Gunnars Kristinssonar og Kristins Reinholts. Þeir hafi fyrir þrábeiðni ákærða farið heim til Gunnars A. Pálssonar hinn 21. september og lýst því yfir, að fyrri framburður þeirra væri rangur, þótt svo væri alls ekki. Þeir bera það og, að ákærði hafi að launum heitið þeim að lána þeim bifreið sína og aka þeim endurgjaldslaust.

Frank Benediktsson kom einnig fyrir dóm sama dag og hélt fast við fyrri framburð.

Ákærði hélt einnig fast við fyrri framburð. Hann kveðst hafa fengið þá féлага til að koma með sér til Gunnars A. Pálssonar og lýsa því yfir, að framburður þeirra væri rangur, enda hafi hann verið rangur að því leyti, er varðar akstur ákærða í Norðurárdal. Hann kannaðist við, að hann hafi lofað þeim að aka þeim gegn gjaldfresti, en ekki að lána þeim bifreiðina né aka þeim endurgjaldslaust.

Loks er hér að geta vættis Karls Jónssonar, bónda að Klettstíu í Norðurárdal, er aðstoðaði við að ná R 8440 upp á veginn. Hann segir, að umrædda nótt hafi hann verið vakinn upp af manni nokkrum, á að gizka milli fertugs og fimmtugs, og virðist hér eigi geta verið um annan að ræða en ákærða, þótt allmjög skeiki um aldurinn. Maður þessi hafi verið sýnilega drukkin. Vitnið fór með honum þangað, sem bifreiðin R 8440 var, og festi það taug úr bifreið sinni í R 8440 og dró hana upp á veginn. Kveður vitnið þá ungan mann hafa setið undir stýri og sá hafi ekið, er R 8440 hafi verið ekið af stað norður á við. Ekkert kveðst vitnið vita um, hver ekið hafi, er bifreiðin fór út af, en segir, að hinn ölvaði maður hafi látið í það skína, að það hafi verið sá hinn sami og sat við stýrið, er bifreiðin var dregin upp á veginn.

Af hálfu ákærða er því haldið fram, að vitnin fimm, farþegar ákærða í norðurförinni, séu vandræðaunglingar, svo ekki verði byggt á framburði þeirra, og auk þess hafi þeir verið ölvaðir í förinni. Þess er þá fyrst að geta, að ekkert er komið fram, er bendir til þess, að neinn piltanna hafi verið við skál á leiðinni. Hins vegar hefur komið fram í málinu, að á leiðinni að norðan, er numið var staðar við bifreið, er lá á hvolfi við veginn um Norðurárdal, stálu tveir þeirra, Frank Norðmann og Gunnar, útvarpstæki úr henni. Þá er og upplýst, að Gunnar og Hlöðver hafa síðan orðið uppvísir að mörgum auðgunarbrotum, og Kristinn Reinholt og Frank hafa einnig orðið sekir um slík brot, en að vísu smávægileg. Vilhjálmur hefur hins vegar aldrei sætt kæru né refsingu né hefur barnaverndarnefnd þurft að hafa afskipti af honum.

Þrátt fyrir ljóð á ráði vitnanna, sem nú var rakið, þykir eigi áhorfsmál að telja samhljóða framburð þeirra næga sönnun þess, að ákærði hafi ekið bifreiðinni R 8440 nokkurn spöl í Norðurárdal, verið undir áhrifum áfengis við aksturinn og ekið bifreiðinni út af veginum.

Hefur ákærði gerzt brotlegur við 1. mgr. 24. gr. sbr. 45. gr. áfengislaga, 1. mgr. 23. gr. sbr. 38. gr. bifreiðalaga, og 2. mgr. 4. gr. umferðarlaga, sbr. 14. gr., með því að aka bifreið ölvaður, og með því að telja verður, að ógætnei ákærða hafi verið um að kenna, að bifreiðin fór út af, telst hann og hafa brotið gegn 1. mgr. 27. gr. sbr. 38. gr. bifreiðalaga. Þá er upplýst, að hann leyfði öllum farþegum sínum að aka bifreiðinni, en aðeins einn

þeirra, Gunnar Kristinsson, hefur ökuleyfi. Með þessu hefur ákærði brotið gegn 1. mgr. 22. gr. sbr. 38. gr. bifreiðalaga.

Þá þykir og fullsannað, að ákærði hafi lagt að vitnum þeim fjórum, er áður getur, að hverfa frá framburði sínum fyrir dóminum 5. apríl. Af hálfu ákærða er því haldið fram, að eigi sé það refsivert, þótt ákærði hafi talið vitni þessi á að koma með sér til Gunnars A. Pálssonar til að skýra honum frá, að þau breyttu framburði sínum. Í fyrsta lagi hafi hann aðeins talið þau á að breyta framburði sínum til hins rétta, en jafnvel þótt svo væri ekki, yrði að líta svo á, að atferli hans væri refsilaust, með því að hann hafi aldrei farið fram á, að vitnin breyttu framburði sínum fyrir dómi. Það mun hafa staðið til í fyrstu, að Gunnar A. Pálsson yrði verjandi ákærða, þótt breyting yrði á því síðar. Verður því að líta svo á, að með því að fara með vitnin til Gunnars A. Pálssonar og fá þau þar til að breyta framburði sínum, hafi ákærður ætlazt til, að framburður þeirra í hinni nýju mynd yrði notaður í dómsmálinu. Ella hefði ákærði ekkert gagn getað haft af breytingu á afstöðu vitnanna. Þetta hefði þá aðeins getað orðið með þeim hætti, að lögmaðurinn gengist fyrir því, að vitnin kæmu á ný fyrir dóm og breyttu þar framburðum sínum, enda varð sú raunin á, að verjandi ákærða, þótt sá væri ekki Gunnar A. Pálsson, baðst þess, að vitnin yrðu leidd af nýju vegna ummæla sinna fyrir Gunnari A. Pálssyni.

Það verður því að telja, að ákærði hafi gert tilraun til að fá vitnin til að bera rangt fyrir dómi. Varðar það við 142. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 1. mgr. 20. og 1. mgr. 22. gr. sömu laga.

## II.

Þriðjudaginn 30. október 1956, kl. 09.15, mætti ákærði í skrifstofu rannsóknarlögreglunnar og skýrði frá því, að þá um nóttina hefði bifreið hans, R 8440, verið tekin í heimildarleysi og henni ekið á aðra bifreið. Kveðst hann hafa verið að drekka vín um nóttina að Hagamel 18 með manni, sem hann taldi að hétu Gunnar Guðnason. Um kl. 03.30 hefði hann sofnað og ekki vaknað fyrr en um morguninn, er umræddur maður hefði vakið sig. Skýrði hann ákærða frá því, að hann hefði verið að reyna að vekja hann, en það ekki tekizt fyrr. Er ákærði kom út úr húsinu nokkru síðar, kvaðst hann hafa séð, að bifreið sín hefði verið skemmd og kvaðst ætla að kæra yfir því,

að ekið hefði verið á hana. Viðurkenndi maðurinn þá, að hann hefði tekið bifreiðina og ekið henni á aðra bifreið. Kvað ákærði hann hafa boðið sér borgun að fullu á skemmdunum, ef hann kærði ekki. Ákærði sinnti því ekki, en hringdi í Svein Sæmundsson yfirlögregluþjón, en á meðan kvað hann manninn, er verið hefði áberandi ölvaður, hafa hlaupið á brott. Við nánari rannsókn kom í ljós, að bifreiðinni R 8440 hafði verið ekið á bifreiðarnar R 8846 og R 2678, þar sem þær stóðu kyrrar á Hagamel. Reyndist Pálmi Gunnar Kristinsson sjómaður, skála B-15 við Kaplaskjólsvæg, hafa verið ökumaður bifreiðarinnar, er árekstrarnir urðu. Lögreglan taldi skemmdir hafa orðið miklar á bifreið ákærða og á bifreiðinni R 8846, en nokkrar á bifreiðinni R 2678.

Ákærði hefur að öðru leyti skýrt svo frá málsatvikum, að kona sú, er hann býr með, hafi á tímanum frá kl. 20.00 og 21.00 að kvöldi þess 29. október s.l. gefið sér sprautu með deyfilyfi, sem hann vissi ekki nafn á, við þrautum, sem hann hafði í baki og stafa af hryggskekkju. Kvölunum linnti af sprautunni. Nokkru eftir þetta um kvöldið sinnaðist ákærða við konuna og hélt á brott að heiman frá sér í bifreiðinni R 8440. Fór hann niður á Hótel Skjaldbreið og fékk þar leigt herbergi að Hagamel 18. Hélt ákærði þangað ásamt tveim mönnum öðrum. Ákærði kvaðst ekki hafa neytt áfengis á framanskráðum stað, þótt ekki hafi vantað viljann til þess. Stafaði það af því, að ákærði var á „antabuskúr“. Áður en haldið var að Hagamel 18, höfðu ákærði og félagar hans keypt eina hálfflösku af spíritus. Er að Hagamel 18 kom, var flaskan opnuð og áfenginu hellt í glös. Ákærði kvaðst, er hann var nánar spurður um, hvort hann hefði neytt áfengis á framangreindum stað, hafa drukkið þar áfengi, en ekki getað haldi því niðri, þar sem hann hefði tekið inn „antabus“, eins og áður greinir. Kastaði hann upp og varð fárveikur. Einhvern tíma um kvöldið fór ákærði í leigubifreið niður í bæ. Sofnaði hann í bifreiðinni. Nokkru síðar hélt hann aftur að Hagamel 18 með féлага sínum, er heitir Guðmundur Antonsson, til heimilis að Stórholti 22, hér í bæ. Eftir að Hagamel 18 kom, tók ákærði bifreiðina R 8440 og ók henni niður í bæ. Var Guðmundur með honum í bifreiðinni. Í ferð þessari hitti ákærði Pálma Gunnar og kom hann upp í bifreiðina til ákærða. Ók ákærði þessu næst að Hagamel 18 aftur. Pálmi Gunnar var með áhrifum áfengis, að sögn ákærða. Ákærði kvaðst ekki hafa neytt áfengis, eftir að Hagamel 18 kom, en hann var með „codi-

pheni“-töflur og tók inn af þeim. Ákærði hefur neitað því, að hann hafi verið með áhrifum áfengis við framangreindan akstur. Hann kvað 3—4 klst. hafa liðið, frá því hann neytti áfengisins vestur frá, eins og að framan er skýrt frá, þangað til hann ók. Ákærði kvaðst ekki hafa verið eins hæfur til að aka eftir sprautu þá, sem kona sú, er hann býr með, gaf honum, en um það hafi ekki verið að ræða, er hann tók Pálma Gunnar upp í bifreiðina. Var hann þá að öllu leyti vel fyrir kallaður.

Ákærði kvað Pálma Gunnar hafa tekið bifreiðina í heimildarleysi, á meðan ákærði svaf.

Vitnið Guðmundur Antonsson klæðskeri, Stórholti 22, hér í bæ, hefur skýrt frá því, að það hafi hitt ákærða og Þorstein Jónsson bankaritari, Háteigsvegi 2, umrætt kvöld um kl. 21.00. Vitnið kvað Þorstein hafa verið með áhrifum áfengis, en gat ekki merkt, að ákærði væri það. Vitnið var með þeim um tíma, en skildist svo við þá. Seinna um kvöldið, líklega kl. 23.30, hitti það ákærða aftur, er þá var að aka bifreiðinni R 8440. Vitnið gat ekki fullyrt um það, hvort ákærði væri undir áhrifum áfengis, en hann var undir áhrifum einhverra deyfilyfja, að því er vitnið taldi. Vitnið fór upp í bifreiðina til ákærða, og skömmu síðar hittu þeir Pálma Kristinsson. Var hann með áhrifum áfengis og hafði áfengisflösku meðferðis. Ákærði ók þeim að Hagamel 18 og fóru þeir þar inn. Ákærði var með einhverjar pillur í glasi og tóku vitnið og Pálmi Gunnar inn eitt-hvað af þeim. Ákærði var mjög slappur og kastaði upp. Sofnaði hann fljótt, eftir að inn í herbergið kom. Vitnið kvaðst ekki hafa getað vakið hann og haldið á brott.

Umrætt kvöld kvaðst vitnið hafa verið talsvert með áhrifum áfengis. Hafði það og tekið inn tvær pillur hjá ákærða og orðið hálf lasið af þeim og sundlað. Vitnið vissi ekkert, hverskonar pillur þetta voru. Vitnið kvað áfengi hafa verið haft um hönd í fyrra skiptið að Hagamel 18, en gat ekki fullyrt, hvort ákærði drakk af því. Vitnið var ekki öruggt um það, hvort ákærði hafi verið með áhrifum áfengis umrætt kvöld, en hann var mikið miður sín, sérstaklega eftir að Hagamel 18 kom, og er það skoðun vitnisins, að hann hafi verið undir áhrifum einhverra deyfilyfja.

Vitnið Þorsteinn Jónsson bankaritari, Háteigsvegi 2, hefur skýrt frá því, að það hafi hitt ákærða inni á Adlonbar í Aðalstræti umrætt kvöld, en vitnið sat þar inni ásamt Guðmundi Antonssyni. Vitnið var dálítið með áhrifum áfengis. Þeir sátu

þarna nokkra stund og urðu svo samferða út. Vitnið vissi ekki, hvort ákærði var með áhrifum áfengis, en hann var eitthvað óeðlilegur að sögn vitnisins, eins og hann á vanda til. Vitnið kvaðst telja, að annarhvor þeirra ákærði eða Guðmundur hafi keypt eina bjórflösku af áfengi, en nánar um kaup þessi vissi vitnið ekki. Var nú haldið að Hagamel 18 og sett þar að drykkju. Vitnið kvaðst ekki hafa fylgzt vel með drykkjunni, en gerir þó ráð fyrir, að allir hafi neytt þar áfengis, þar á meðal ákærði. Er þeir félagar höfðu verið á framangreindum stað um tíma, fóru þeir niður í bæ í leigubifreið. Er þangað kom, varð vitnið viðskila við féлага sína. Vitnið kvaðst ekki vilja fullyrða um það, hvort þeir ákærði og Guðmundur Antonsson hafi verið með áhrifum áfengis, á meðan það var með þeim, en taldi það þó. Vitnið varð ekki vart við það, að ákærði hafi haft pillur meðferðis í umrætt skipti.

Ekki þykja framkomnar nægar sannanir fyrir því gegn neitun ákærða, að hann hafi verið með áhrifum áfengis við akstur bifreiðarinnar R 8440 frá Hagamel 18 niður í bæ og aftur á sama stað framangreinda nótt. Ber því að sýkna hann af þeim lið ákærunnar og þar með fyrir brot á 1. mgr. 23. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941 og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

Hins vegar þykir sannað með framburði vitnanna í máli þessu um ástand ákærða svo og framburði ákærða sjálfs, að ákærði hafi verið svo miður sín eftir neyzlu deyfilyfja, að hann hafi verið óhæfur til að stjórna bifreiðinni R 8440 að kvöldi þess 29. október og aðfaranótt þess 30. október s.l. Þykir ákærði með því atferli sínu hafa gerzt brotlegur gegn 3. mgr. 23. gr. sbr. 38. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941 og 2. mgr. 4. gr. umferðarlaga nr. 24/1941.

Hefur ákærði með þessu atferli sínu unnið til refsingar og sviptingar ökuleyfis.

Skaðabótakröfur hafa ekki komið fram af því efni, er nú var rakið.

### III.

Á árinu 1955 ákvað ákærði að reyna að komast yfir fólksbifreið og taka að stunda leiguakstur sem atvinnu. Hafði hann um skeið ekið strætisvagni, en sú vinna hafði reynzt honum of erfið. Ákærði hefur kölkun í baki og mun örorka hans talin 65%. Ákærði hafði áður fengið innflutningsleyfi fyrir bifreið, en selt það. Gat hann því eigi fengið innflutningsleyfi að nýju.

Ákærði hefur um nokkurra ára bil búið með konu, að nafni Guðbjörg Rúna Guðmundsdóttir, og varð það úr, að hún sótti um innflutningsleyfi og tókst að fá það hinn 29. september 1955. Ákærða og Guðbjörgu Rúnu skorti fé til kaupanna. Leituðu þau til Reykjavíkurbæjar um fjárhagsaðstoð, og var ákærða veitt lán að upphæð kr. 28000.00 í ágúst 1955. Veitti hann fénu sjálfur móttöku. Þá sótti hann um, að fjármálaráðuneytið samþykkti eftirgjöf á aðflutningsgjöldum af bílnum, og féllst ráðuneytið á það, sbr. bréf þess til tollstjóra, dagsett 29. sept. 1955. Þá tókst ákærða að fá hjá Tryggingarstofnuninni lán að upphæð kr. 25000.00 til bílkaupanna.

Þegar til kom, fékkst eigi eftirgjöf á aðflutningsgjöldunum. Var sú ástæða til þess, að bifreiðin var flutt inn á nafn Guðbjargar Rúnu, en eftirgjöf aðflutningsgjalda var bundin við ákærða persónulega. Leitaði ákærði nú enn til Reykjavíkurbæjar, og varð það úr, að bæjarsjóður lagði út aðflutningsgjöldin fyrir ákærða. Námu þau kr. 53.147.52.

Lán það, er Tryggingastofnunin veitti, var tryggt með 1. veðrétti í bifreiðinni, sem hlaut númerið R 8440. Hins vegar áskildi Reykjavíkurbær sér enga veðtryggingu fyrir kröfum sínum.

Hóf ákærði nú að aka nefndri bifreið sem leigubifreið, og liðu nú stundir fram.

Haustið 1956 ákvað ákærði að selja bifreiðina. Gerir hann þá grein fyrir áformi sínu, að hann hafi þá verið undir rannsókn vegna ölvunar við akstur o. fl. (sbr. það, sem áður er rakið í dómi þessum) og hafi hann gert ráð fyrir, að hann mundi missa ökuleyfið.

Ákærði komst nú í samband við Gunnbjörn Sigurð Gunnarsson bifreiðarstjóra, Seljavegi 9. Bauð ákærði fram bifreiðina R 8440 til sölu, og vildi Gunnbjörn Sigurður kaupa. Ekki kveðst hann hafa haft hugsmýnd um annað en að ákærði væri óvæfengjanlegur eigandi bifreiðarinnar, og hefur ekkert komið fram í málinu, er bendi til hins gagnstæða.

Bifreiðin R 8440 hafði verið skráð á nafn Guðbjargar Rúnu, er hún var keypt, og hafði því eigi verið breytt. Hinn 27. nóvember 1956 kom ákærði inn í verzlun Sigmars Péturssonar, Lokastíg 28. Þar vinnur stúlka, að nafni Hanna María Ísaks, þá 21 árs að aldri. Ákærði þekkti hana ekkert. Hann hafði meðferðis tilkynningu um sölu bifreiðarinnar R 8440 og hafði hann undirskrifað hana sem kaupandi, en reitur sá, er seljandi á að rita nafn sitt í, var óútfylltur. Bað ákærði Hönnu Maríu að rita

þar nafnið Guðbjörg Rúna Guðmundsdóttir. Segir Hanna María, að ákærði hafi sagt, að plagg þetta væri eitthvað viðkomandi hjónaskilnaðarmáli og að henni væri með öllu hættulaust að undirrita það. Hafi hún því látið tilleiðast.

Ákærði fór nú með skjalið til bifreiðaskráningarinnar og var bifreiðin þar með færð á nafn hans.

Sama dag fékk Gunnbjörn Sigurður veðbókarvottorð um R 8440, og eru þar eigi taldar aðrar skuldir hvíla á bifreiðinni en 25000 kr. skuld við Tryggingastofnun ríkisins.

Næsta dag, 28. nóvember, gerðu ákærði og Gunnbjörn Sigurður kaupsamning um R 8440. Greinir þar frá því, að bifreiðin sé með öllu hafta- og kvaðalaus, að undantekinni skuld við Tryggingastofnun ríkisins, að eftirstöðvum kr. 19000.00, en er hér var komið, mun hafa verið búið að greiða kr. 6000.00 af veðskuldinni. Gunnbjörn greiddi ákærða síðan kr. 51.000.00 í peningum og afsalaði ákærði bifreiðinni síðan til hans. -

Ákærði segir, að Guðbjörg Rúna hafi oft verið búin að nefna það, að hún vildi ekki teljast eigandi að þessum bíl. Hún hafi þó ekkert viljað koma nærri því að gera breytingu á þessu, og kveður ákærði skapsmuni hennar slíka, að hann hafi talið þýðingarlaust að nefna þetta við hana frekar. Hafi hann því látið rita nafn hennar undir sölutilkynninguna án hennar vitundar. Hann kveðst ekki hafa talið ráðlegt að rita nafnið sjálfur, þar eð skjalið mundi þá hafa borið með sér, að sami maður hefði ritað bæði nöfnin. Hann hafi því leitað aðstoðar búðarstúlkunnar. Hún hafi látið að beiðni hans og ritað nafnið, en að öðru leyti hafi hún verið þessu alveg óviðkomandi.

Guðbjörg Rúna skýrir svo frá, að bifreiðin hafi verið flutt inn á hennar nafn og skráð á hennar nafn, enda hafi henni þótt það vissara, þar eð ákærði gæti þá ekki ráðstafað bifreiðinni, en hann sé hneigður til eiturlýfjaneyzlu. Guðbjörg Rúna segir, að ákærði hafi fært bílinn á sitt nafn algerlega án hennar vitundar, enda mundi hún aldrei hafa samþykkt sölu á bílnum, nema jafnframt yrðu gerðar upp skuldirnar við bæjarsjóð. Hins vegar hefur hún lýst yfir því, að hún vilji, úr því sem komið er, ekki rifta söluinni til Gunnbjarnar Sigurðar.

Ólafur Sveinbjörnsson, skrifstofustjóri hjá Reykjavíkurbæ, segir, að fjárframlögin vegna bílkaupanna hafi verið veitt sem lán og gert ráð fyrir, að þau yrðu greidd, er hagur ákærða og Guðbjargar Rúnu batnaði, en ekkert ákveðið um greiðsluskilmála.

Eftir að ákærði hafði fengið peningana fyrir R 8440, hóf hann

meiri háttar drykkjuskap og mun hafa haldið honum áfram, unz hann var handtekinn á heimili þeirra Guðbjargar Rínu sunnudaginn 9. desember, að beiðni hennar. Hafði hann þá á sér kr. 8.50. Hann hafði hinn 29. nóvember lagt 38.000 kr. inn á spari-sjóðsbók á nafn móður sinnar, Ingrid Baldvinsdóttur, en tekið síðan út úr henni sem hér segir:

3. desember .....	kr. 10.000.00
S. d. ....	— 8.000.00
4. desember .....	— 5.000.00
6. desember .....	— 5.000.00
8. desember .....	— 3.000.00

Voru því aðeins 7000.00 kr. eftir í bókinni. Þá kom í ljós, að ákærði hafði keypt sér skipsfar til Danmerkur. Fékkst far-seðillinn endurgreiddur.

Ákærði lét falsa nafn sambýliskonu sinnar á nefnda sölu-tilkynningu og með þessari fölsuðu tilkynningu kom hann því til leiðar, að hann var skráður eigandi bifreiðarinnar. Hann hefur því gerzt sekur um brot gegn 155. gr. almennra hegningarlaga.

#### IV.

Ákærði var settur í gæzluvarðhald hinn 14. desember 1956 og var hann í gæzlu til 12. apríl 1957, þ. e. 119 daga. Meðan á því stóð, fór fram geðheilbrigðisrannsókn á ákærða. Framkvæmdi hana Þórður Möller læknir, og er niðurlag skýrslu hans á þessa leið:

„.... Álit mitt á Ingólfi Arnari Jónssyni er því: Hann er hvorki geðveikur né fáviti, heldur treggáfaður maður og geðveill að auki, alinn upp í mannskemmandi umhverfi eða vanizt hefur á eiturlyfjaát og áfengisnautn. Hefur þetta allt hvað með öðru ráðið viðbrögðum hans og því, hvernig nú er komið fyrir honum.

Þegar hann fæst til að horfast í augu við sjálfan sig og tilveruna, gerir hann sér samt fulla grein fyrir því, að það, sem hann hefur gert, er refsivert, en hann bindur von sína við það, að ekki verði hægt að dæma í málinu.“

Ákærði hefur nú rofið skilorð það, sem honum var sett í dómi 27. marz 1956, og verður honum nú einnig ákveðin refsing fyrir þau brot, er í þeim dómi greinir, og refsing tiltekin í einu lagi fyrir öll brotin og hliðsjón höfð af 77. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 7. gr. laga nr. 22/1955.

Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi eitt ár. Rétt

þykir samkvæmt 76. gr. almennra hegningarlaga, að frá refsingunni skuli dregin áðurnefnd gæzluvarðhaldsvist ákærða í 119 daga.

Ákærði hefur unnið til sviptingar kosningarréttis og kjörgengis samkvæmt 3. mgr. 68. gr. hegningarlaga.

Þá hefur hann samkvæmt 39. gr. bifreiðalaga og 24. gr. áfengislaga unnið til þess að verða sviptur ökuleyfi ævilangt frá birtingu dóms þessa, og ber að kveða á um, að áfrýjun fresti eigi áhrifum dómsins að því leyti.

Loks ber að dæma ákærða til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sigurðar Ólasonar hæstaréttarlögmans, og ákveðast þau kr. 6000.00.

#### Dómsorð:

Ákærði, Ingólfur Arnar Jónsson, sæti fangelsi í eitt ár. Til frádráttar komi gæzluvarðhaldsvist hans í 119 daga.

Ákærði er sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga. Hann er frá birtingu dómsins sviptur ökuleyfi bifreiðastjóra ævilangt, og frestar áfrýjun ekki áhrifum dómsins að því leyti.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sigurðar Ólasonar hæstaréttarlögmans, kr. 6000.00.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

---